

2022 | SEPTEMBER
FJÁRMÁLAEFTIRLITID



ÁHÆTTUPÆTTIR TENGDIR
PENINGASENDINGUM

Fræðsluefni vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Fræðsluefni þetta er hugsað sem leiðbeiningar fyrir tilkynningarskylda aðila sem veita þjónustu á sviði peningasendinga (hér eftir kallaðir greiðsluþjónustuveitendur) og sæta eftirliti fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands í samræmi við lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Efninu er ætlað að auðvelda aðilum á þessum markaði að koma auga á áhættuþætti hvað varðar peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og vera til leiðbeiningar um áhættumat í starfsemi þeirra og á samningssamböndum og einstökum viðskiptum, sbr. 5. gr. laga nr. 140/2018. Áhættuflokkun er grundvöllur þeirrar lagaskyldu sem kveðið er á um í 5. gr. laganna, um að tilkynningarskyldir aðilar framkvæmi skriflegt áhættumat á rekstri sínum og viðskiptum.

Það skal áréttað að efni þetta telst ekki tæmandi og byggir m.a. á viðmiðunarreglum EBA (*European Banking Authority*) um áhættuþætti¹, á leiðbeiningum FATF (Financial Action Task Force) um áhættumiðað eftirlit með peningasendingum.²

Eðli peningasendinga getur valdið því að greiðsluþjónustuveitandinn er berskjaldaður fyrir peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, ekki síst vegna einfaldleika og hraða viðskiptanna, þeirrar staðreyndar að viðskiptin ná um allan heim og að oft er notast við reiðufé. Enn fremur er eðli viðskiptanna yfirleitt þannig háttáð að um er að ræða einstök viðskipti, frekar en að stofnað sé til viðvarandi viðskiptasambands við viðskiptavininn, sem leiðir til þess að skilningur á hættunni á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka getur verið takmarkaður þar sem tengsl við viðskiptavininn eru takmörkuð. Í ljósi eðlis peningasendinga ættu þjónustuveitendur peningasendinga að ígrunda vel hvaða stýringar og eftirlitskerfi eru innleidd, til þess að tryggja fullnægjandi eftirlit með færslum og samningssamböndum og tryggja að stýringarnar geti greint óvenjulegar eða grunsamlegar færslur þrátt fyrir að upplýsingar kunni að skorta vegna þess að ekki sé um viðvarandi viðskiptasamband að ræða.

1. FATF Guidance for a Risk-Based Approach: Money or Value Transfer Services (FATF, febrúar 2016): <http://www.fatf-gafi.org/media/fatf/documents/reports/Guidance-RBA-money-value-transfer-services.pdf>.
2. Final Report on Guidelines on revised ML TF Risk Factors.pdf (europa.eu)

Skilgreiningar

Hvað er peningaþvætti?

Það er kallað peningaþvætti þegar einstaklingur eða lögaðili tekur við eða aflar sér eða öðrum ávinnings með broti sem er refsivert samkvæmt almennum hegningarlögum eða öðrum lögum. Hér er einnig átt við það þegar einstaklingur eða lögaðili umbreytir slíkum ávinningi, flytur hann, sendir, geymir, aðstoðar við afhendingu hans, leynir honum eða upplýsingum um uppruna hans, eðli, staðsetningu, ráðstöfun eða flutningi ávinnings eða stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af slíkum refsiverðum brotum.

Hvað er frumbrot peningaþvættis?

Frumbrot er þau brot sem geta leitt af sér ólöglegan ávinning eða annan ágóða sem reynt er að þvætta. Frumbrot peningaþvættis geta verið öll brot á almennum hegningarlögum eða öðrum lögum. Dæmi um algeng frumbrot peningaþvættis eru fjársvik, fjárráttur, skattalagabrot, fikni- efnabrot, spillingarbrot o.fl.

Þegar sami aðili fremur frumbrot og sér sjálfur um að þvætta ólöglegan ávinning er um sjálfþvætti að ræða.

Hvað er fjármögnun hryðjuverka?

Öflun fjár í þeim tilgangi eða með vitneskju um að nota eigi það til að fremja brot sem er refsivert skv. 100. gr. a – 100. gr. c almennra hegningarlaga.

Áhættuþættir vegna peningasendinga

Hvað er átt við með áhættuþáttum?

Tilkynningarskyldum aðilum er skylt samkvæmt lögum nr. 140/2018 að framkvæma skriflegt áhættumat á rekstri sínum og viðskiptum. Í því felst að við mat á áhættunni skal taka mið af áhættuþáttum sem tengjast m.a. viðskiptamönnum, viðskiptalöndum eða svæðum, þjónustu, viðskiptum, tækni og dreifileiðum.

Áhættumatinu er ætlað að greina hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í starfsemi aðilans. Við matið þarf að greina tiltekna áhættuþætti. Áhættuþættir, ýmist einir og sér eða saman, geta aukið eða dregið úr hættu á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka.

Hafa ber í huga að stakur áhættuþáttur felur ekki í öllum tilvikum í sér meiri áhættu, og að margir áhættuþættir geta einnig saman myndað áhættu. Áhættuþættirnir eru ekki tæmandi taldir hér og eru settir fram í dæmaskyni.

1. Áhættuþættir tengdir vörum, þjónustu og viðskiptum

Hafa þarf í huga áhættuþætti sem tengjast nýjum eða nýstárlegum vörum eða þjónustu sem greiðsluþjónustuveitandi býður ekki sérstaklega upp á *en sem nýta dreifingarleiðir hans*. Meðal þeirra atriða, sem taka þarf tillit til við framangreint mat, eru eftirfarandi:

Atriði sem varða vöru eða þjónustu

Dæmi um þætti sem geta aukið áhættu:

- Vörur eða þjónusta sem í eðli sínu styðja nafnleysi eða vörur sem auðvelt er að flytja yfir landamæri, s.s. reiðufé, greiðslur á netinu, inneignarkort, póstaðvísanir eða greiðslur í gegnum farsíma.
- Vörur eða þjónusta sem hafa mjög hátt eða ekkert hámark vegna notkunar.

- Viðskiptin eru fjármögnuð með reiðufé eða rafeyri sem dylur raunverulegan eiganda.

Atriði sem varða sjálf viðskiptin

Dæmi um þætti sem geta aukið áhættu:

- Viðskiptamaður skipuleggur viðskipti sín með þeim hætti að fjárhæðir í hverjum viðskiptum séu undir viðeigandi fjárhæðarmörkum til að komast hjá aukinni áreiðanleikakönnun.
- Viðskipti eru flókin án þess að viðskiptalegar eða lagalegar ástæður búi þar að baki.
- Fjöldi eða fjárhæðir peningasendinga er ekki í samræmi við fjárhagsstöðu eða atvinnu viðskiptamanns miðað við þær upplýsingar sem viðskiptamaður hefur látið greiðsluþjónustuveitandanum í té.
- Viðskiptamaður býður starfsmanni greiðsluþjónustuveitanda mútur eða þjóf fé, eða er reiðubúinn að greiða óvenjulegar þóknanir til að viðskipti eigi sér stað.
- Viðskiptamaður hefur óvenjulegar fyrirspurnir, hótar eða reynir að sannfæra starfsfólk um að forðast tilkynningar.
- Viðskiptamaður sendir peninga til aðila í öðru ríki og býst svo við að fá sambærilega peningasendingu senda til sín, eða öfugt.
- Viðskiptamaður sendir fjármuni til vefsíðna þar sem stunduð eru ólögleg fjárhættuspil. Vísending um þetta gæti einnig verið tölvupóstföng sem viðskiptavinur gefur upp sem tengjast fjárhættuspilum. Einnig peningasendingar til landa þar sem er mikill fjöldi vefsíðna sem bjóða upp á fjárhættuspil.

- Viðskiptamaður sendir fjármuni til áhættusams ríkis eða ríkjasvæðis.
- Viðskiptamaður hættir við viðskipti þegar hann er upplýstur um að framkvæma þurfi áreiðanleikakönnun vegna viðskiptanna.
- Sendandi peninga virðist ekki hafa fjölskyldutengsl eða önnur tengsl við móttakanda og engin skýring er gefin á peningasendingu.
- Peningasendingar berast til sama einstaklings frá nokkrum mismunandi einstaklingum eða til nokkurra mismunandi einstaklinga frá sama einstaklingi án eðlilegra skýringa.
- Samanlögð fjárhæð peningasendinga er óvenjulega há eða fjöldi eða tíðni viðskipta er óvenjulega há án augljósra skýringa.
- Viðskiptamaður notar dulnefni, felur eignarhald eða gefur upp mismunandi heimilisföng.
- Viðskiptamaður sendir eða móttækur fjármuni frá einstaklingum sem eru tengdir afbrotastarfsemi.
- Hópur tengdra viðskiptamanna gefur upp sömu upplýsingar um tengiliði, s.s. heimilisfang, símanúmer eða tölvu-póstfang, í þeim tilvikum þegar slík upplýsingagjöf er ekki eðlileg eða hefðbundin.
- Peningasendingar til aðila sem veita svonefnda Hawalaþjónustu í ríkjum sem greiðsluþjónustuveitandi hefur upplýsingar um að sé þar talin ólögsmæt.
- Mikill fjöldi peningasendinga sem móttækur eru allar í einu eða yfir ákveðið tímabil sem virðast ekki í samræmi við fyrri viðskipti viðskiptamanns.

2. Áhættuþættir tengdir viðskiptamanni

Aðilar sem veita peningasendingarþjónustu skulu áhættu-flokka viðskiptamenn sína út frá mati á áhættuþáttum tengdum peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka, m.a. með hliðsjón af þáttum sem snúa að stöðu og eðli viðskiptamanns.

Dæmi um þætti sem að geta *aukið* áhættu:

- Viðskiptamaður eða móttakandi greiðslu er annar greiðsluþjónustuveitandi sem hefur sætt viðurlögum af hálfu eftirlitsaðila fyrir ófullnægjandi eftirlit í tengslum við peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka og ekki sinnt skyldu til úrbóta.
- Viðskiptamaður stendur að viðskiptasambandinu eða einstökum viðskiptum í óvenjulegum aðstæðum, s.s.:
 - ferðast nokkra vegalengd til að eiga viðskipti án eðlilegrar skýringar
 - tengist hóp af einstaklingum sem á viðskipti hjá einum eða fleiri umboðsaðilum eða nýtir sér fleiri en eina þjónustu.
 - á eða rekur starfsemi sem byggir á greiðslum í reiðufé og lítur út fyrir að vera „frontur“ fyrir aðra starfsemi (talið að viðskiptamaður blandi saman ólögætum og lögætum ávinningi þar sem ekki er samræmi milli viðskipta og fjárhagslegrar stöðu eða atvinnu viðskiptamannsins).
- Viðskiptamaður er einstaklingur í áhættuhópi vegna stjórn-málalegra tengsla, (e. politically exposed person, „PEP“) eða nánasta fjölskylda eða nánir samstarfsmenn hans tilheyra slíkum hópi. Þetta á jafnframt við þegar raunverulegur eigandi fjármuna tilheyrir hópunum.

- Þónokkrir viðskiptamenn greiðsluþjónustuveitanda milli-færa fjármuni til sama viðtakanda.
- Upphæð viðskiptanna er ekki í samræmi við tekjur viðskiptamanns (ef þær eru þekktar).
- Aukning á umfangi eða fjölda viðskipta er ekki tengd venju-legu mynstri, eins og t.d. launagreiðslum. Viðskiptamaður mætir ekki í eigin persónu á starfsstöð greiðsluþjónustuveitanda og efasemdir eru uppi um rétt deili hans.
- Viðskiptamaður hefur takmarkaða vitneskju eða vilja til að upplýsa um greiðanda, s.s. heimilisfang hans, símanúmer eða tölvupóstfang.
- Viðskiptamaður gefur misvísandi upplýsingar, s.s. mismunandi nöfn. Viðskiptamaður hefur enga sjáanlega tengingu við landið sem senda á fjármunina til og gefur ekki fullnægjandi skýringar á því.
- Grunsemdir vakna um að viðskiptamaður sé að starfa fyrir þriðja aðila eða að viðskiptamanni sé stjórnað af einhverjum öðrum. Dæmi um slíkt er þegar viðskiptamaður tekur við peningasendingu og afhendir hana umsvifalaust öðrum aðila eða annar aðili kemur fram fyrir hönd viðskiptamanns en skráir peningasendingu á sitt nafn.
- Viðskiptamaður hefur verið beittur þvingunaraðgerðum eða viðurlögum af hálfu stjórnvalda í tengslum við ávinning sem hlotist hefur af afbrotum.

- Viðskiptamaður framvísar röngum eða fölsuðum skilríkjum, hvort sem slíkt er ljóst af skilríkjunum sjálfum, skorti á tengslum skilríkjanna við viðskiptamann, eða samhengi skilríkjanna við önnur skjöl í málinu, t.a.m. ef skilríkjum eða skjölum er framvísað þar sem mismunandi nöfn koma fram án þess að slíkt sé skýrt með fullnægjandi hætti.
- Viðskipti og háttsemi viðskiptamanns gefa til kynna að hann hafi tengsl við brotastarfsemi, aðferðir eða váþætti sem fram koma í efni sem FATF eða yfirvöld á landsvísu hafa birt opinberlega.
- Viðskiptamynstur ber með sér að fjármunirnir séu ávinningur af brotastarfsemi, t.a.m. fíkniefnaviðskipti, mansal eða spilling.

3. Áhættuþættir tengdir löndum og svæðum

Dæmi um þætti sem geta *aukið* áhættu:

- Viðskiptamaður eða viðtakandi greiðslu er staðsettur, eða viðskiptin eru framkvæmd í gegnum IP-tölu, í lögsögu sem tengist áhættu af peningþvætti.
- Lönd eða landsvæði sem eru þekkt fyrir að fjármagna og styðja hryðjuverk,³ eða þar sem hryðjuverkasamtök starfa.
- Lönd þar sem þekkt er að umfangsmikil skipulögð brotastarfsemi þrífist, spilling og annars konar glæpastarfsemi (þ.á m. gegnumferðarlönd fyrir fíkniefnasölu, mansal og ólögleg fjárhættuspil).
- Viðtakandi greiðslu er staðsettur innan lögsögu sem hefur enga, eða minna þróaða bankastarfsemi, sem leiðir til þess að óformlegar tegundir peningasendingarþjónustu, líkt og *hawala*, eru notaðar til greiðslu.

3. Þekkt samkvæmt trúverðugum heimildum frá viðurkenndum alþjóðastofnunum og öðrum aðilum sem gefa upp slíkar upplýsingar opinberlega. Þetta geta verið FATF (Financial Action Task Force) og sambærilegir aðilar, auk alþjóðlegra aðila eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, World Bank og Egmont Group of Financial Intelligence Units.

- Lönd sem sæta þvingunarráðstöfunum eða annars konar viðurlögum af hálfu alþjóðlegra stofnana eins og Sameinuðu þjóðanna.
- Lönd sem eru þekkt fyrir veika stjórnskipan, löggæslu og regluverk, þar á meðal ríki sem FATF hefur skilgreint sem ríki með veikt eftirlit með peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

4. Áhættuþættir tengdir dreifileiðum og umboðsaðilum

Margir greiðsluþjónustuveitendur veita peningasendingaþjónustu sína í gegnum umboðsaðila. Slíkir umboðsaðilar sinna peningasendingaþjónustu oft til hliðar við aðalstarfsemi sína auk þess sem þekking þeirra á regluverki um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverkastarfsemi getur verið takmörkuð. Greiðsluþjónustuveitendur þurfa að meta áhættuna hverju sinni sem fylgir því að hafa umboðsaðila.

Það er mikilvægt að greiðsluþjónustuveitandi hafi fullnægjandi upplýsingar um umboðsaðilann, og raunverulega eigendur hans í tilviki lögaðila, og ætti mat á áhættu í tengslum við umboðsaðila að taka til eftirfarandi þátta eftir því sem við á:

- Umboðsaðili starfar fyrir fleiri en einn greiðsluþjónustuveitanda.
- Umboðsaðili er staðsettur í áhættusömu ríki eða ríkjasvæði eða umboðsaðili þjónustar áhættusama viðskiptamenn eða sér um áhættusöm viðskipti.
- Umboðsaðili er einstaklingur í áhættuhópi vegna stjórn-málalegra tengsla.
- Umboðsaðilar eiga í óvenjulega miklum viðskiptum við annan umboðsaðila og þá sérstaklega umboðsaðila sem staðsettur er í áhættusömu ríki eða ríkjasvæði.

- Umfang viðskipta umboðsaðila er í ósamræmi við heildarviðskipti umboðsaðila eða umfang dæmigerðra fyrri viðskipta hans.

- Velta umboðsaðila er óvenjuleg í samanburði við aðra umboðsaðila í sömu starfsemi á sama svæði, t.d. óvenjulega háar eða lágar færslur, óvenjulega umfangsmikil reiðufjárviðskipti eða fjöldi viðskipta sem falla rétt innan viðmiðunarmarka vegna áreiðanleikakannana eða viðskipti eru stunduð utan hefðbundins afgreiðslutíma.

- Umboðsaðili framfylgir ekki stefnu og ferlum samstæðunnar með fullnægjandi hætti.

- Aðalstarfsemi umboðsaðila er ótengd fjármálamarkaðnum.

- Fjallað hefur verið um umboðsaðila með neikvæðum hætti í fjölmiðlum eða umboðsaðili hefur verið beittur þvingunaraðgerðum eða viðurlögum af hálfu yfirvalda.

- Umboðsaðilar hafa ekki mætt eða lokið þjálfunarnám-skeiði.

- Regluvörslukerfi umboðsaðila uppfylla ekki kröfur, þ.e. kerfi þeirra tryggja ekki hlítu við lög og reglur, verkferla, fjárhæðarmörk o.fl.

- Umboðsaðilar sem hafa í gegnum tíðina ekki hlítt lögum og reglum og fara ekki eftir ábendingum sem komið hafa fram í úttektum á starfsemi þeirra og gætu þ.a.l. verið beittir kröfuréttarlegum vanefndarúrræðum.

- Umboðsaðilar framvísa ekki nauðsynlegum upplýsingum um uppruna fjármuna þegar eftir því er leitað.

- Umboðsaðilar sem taka við fölsuðum skilríkjum eða skjölum til auðkenningar, heimilisföngum sem ekki eru til og sem ætti að vera þeim ljóst sem búa á því svæði að eru ekki til, eða símanúmerum sem ekki eru í notkun.

Að auki þarf greiðsluþjónustuveitandi sem veitir þjónustu sína fyrir milligöngu umboðsaðila:

- Að gera eðlilegar ráðstafanir til að fullvissa sig um að innra eftirlit með peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sé fullnægjandi og haldist viðeigandi í gegnum viðskiptasambandið, til dæmis með því að taka úrtak af viðskiptum umboðsaðilans eða með því að endurskoða eftirlit umboðsaðilans á staðnum.

- Að veita umboðsmönnum þjálfun til þess að tryggja fullnægjandi skilning þeirra á mikilvægi þess að koma í veg fyrir peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í starfsemi tengd peningasendingum.

